

# **ΛΥΟΦΑΒΟΚ**



Guðmundur Kristinn Sæmundsson

# LJÓÐABÓK

Reykjavík

Maí 2019

Guðmundur Kristinn Sæmundsson doktor og fyrrverandi  
aðjunkt við Háskóla Íslands

LJÓÐABÓK

© 2019: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf  
Grafarholti, Reykjavík.

Kápa og umbrot: Guðmundur Sæmundsson og  
Hreiðar Þór Sæmundsson, Bláskógar ehf.

Prentun: Litróf prentsmiðja, Reykjavík.

## Ljóðaskrá

DRAUMADRENGUR.....	7
Líf á líf ofan.....	9
Árin sem þú manst ekki.....	10
Yndiskútur .....	11
ALPÝÐUSTRÁKUR .....	13
Úti að leika .....	15
Skakkur samanburður .....	16
Andaglas í stofunni.....	17
Rangeygur .....	18
Feimni er veiki.....	19
Íþróttamaður.....	20
Táningsástir .....	21
Besti vinurinn .....	22
UNGLINGUR Í FRUMSKÓGI .....	23
Töffari með bjútilokk.....	25
Fé eða frami? .....	26
Guð gaf ... ..	27
... og Guð tók.....	28
Önnur Guðsgjöf.....	29
Félagsmálafrík .....	30
Í útlendra skjóli.....	31
Styrkar stoðir.....	32
HÁMENNTAÐUR ÖSKUBUSKI .....	33
Verkamaður í vingarðinum .....	35
Kommi .....	36
Öskukarlinn .....	37

Ópíum.....	38
Ný fjölskylda.....	39
Hæfileikamaður.....	40
Gömul sál.....	41
Húmoristi.....	42
Skáld draumanna.....	43
Draumur um ríkidæmi.....	44
<b>BLANKUR ÚTILEGUMAÐUR.....</b>	<b>45</b>
Útlegð úti á landi.....	46
Á skilorði.....	47
Áföll.....	48
Sonur „fæðist“ á fertugsaldri.....	49
Þungur á bárinni.....	50
<b>ÁSTFANGINN REYNSLUBOLTI.....</b>	<b>51</b>
Opnað fyrir ástina.....	53
Í trúlofunarstandi.....	54
Gifting aldarinnar.....	55
Sambúðin.....	56
Ævintýraárin ykkar.....	57
Sólargeislinn ykkar.....	58
<b>EFRIÁRAMAÐUR.....</b>	<b>59</b>
Andlát litla bróður.....	61
Sannur bróðir.....	62
Von.....	63
Framtíðarsýn.....	64
Að loknu þessu lífi.....	65
<b>MAÐUR AÐ MEIRI.....</b>	<b>67</b>
Þínir menn.....	69
Ein sál.....	70
Mál er að linni.....	71

# **DRAUMADRENGUR**





## Líf á líf ofan

Sumt sem þú upplifir  
hefur þú upplifað áður  
þótt þú upplifir það í fyrsta sinn  
Áttu þér fyrri líf?  
Fyrri tilveruskeið?  
Spennandi tilhugsun  
sem vekur enn fleiri spurningar

Hver valdi þér þetta líf?  
Þú sjálfur?  
Hvers vegna einmitt þetta líf?  
Þú brýtur heilann um  
hver þú varst í fyrra lífi  
og hver þú verður í því næsta  
Þú vilt samt ekki vita það.

## Árin sem þú manst ekki

Þú manst ekki hver þú varst sem lítið barn  
en áreiðanlega varstu saklaus og fallegur  
dálítið ofverndaður

Húsið ykkar var enn í smíðum  
kalt og hráslagalegt  
en hjartapel foreldra þinna var hlýtt  
svo að þér var aldrei kalt

Hlutverk þitt fyrstu árin  
var að bæta foreldrum þínum  
þriggja barna missi

Þú fékkst snert af lungnabólgu nokkurra vikna  
og pabbi þinn brunaði með þig  
upp á spítala  
í leigubíl sem hann hafði engin efni á  
bláfátækur verkamaðurinn.

## Yndiskútur

Þú varst það  
þegar þú fæddist  
en braggaðist fljótt  
og gerðist kraftmikill kiðlingur

Þú gerðir þínar afdráttarlausu kröfur  
Mjólk, mjólk, mjólk  
Þakklæti þitt var óendanlegt  
Þú brostir og hjalaðir  
framan í mömmu þína og pabba  
Varst svo innilega viss í þinni sök

Kerlingar og karlar  
í báðum ættum  
dásömuðu þennan unga dreng  
signdu sig og báðu Jesús, Maríu og dýrtingana  
að blessa þig  
Svo gerðu þau krossmark yfir þér.



# ALÞÝÐUSTRÁKUR



## Úti að leika

Daglegt áhyggjuleysi æsku þinnar  
fólst í franskbrauði og sultu  
sem mamma þín rétti þér  
út um eldhúsgluggann  
Auðvitað fengu vinir þínir og bræður  
að njóta þessara Guðsgjafa

Þið bræðurnir voruð annálaðir í hverfinu  
fyrir athafnasemi  
Alltaf úti, alltaf eitthvað að bardúsa  
Stundum komst þú í hann krappann  
eins og þegar þú fleyttir þér á fleka út á sjó  
og þurftir að láta bjarga þér  
eða þegar vettlingurinn fraus við stuðarann  
þegar þú varst að teika vörubíl.

## Skakkur samanburður

Þú varst elsta barnið  
en samt fjórða barn foreldranna  
Það var svolítið snúið  
Ef þú gerðir eitthvað öðruvísi en til var ætlast  
fékkstu einatt að heyra  
hve börnin sem dóu hefðu verið þæg  
og yndisleg  
Þetta var afskaplega erfiður samanburður  
en smám saman  
lokaðirðu eyrunum.



## Andaglas í stofunni

Mamma þín var miðill  
Það var oft andaglas í stofunni á kvöldin  
stundum reyndirðu að hlusta  
það var spennandi  
Framliðnir ættingjar og vinir  
komu fram á þessum fundum  
Elsti bróðir þinn var tíður gestur  
Hann var orðinn læknir

Hún spáði líka í bolla  
fyrir konurnar í götunni  
þá var enn skemmtilegra að hlusta  
þær áttu mjög oft börn í vændum  
ferðalag stóð fyrir dyrum  
og eldheit ástarsambönd  
nema þær væru giftar  
Stundum var röð af bollum á ofninum í eldhúsinu.

## **Rangeygur**

Fimm ára dastu á hausinn  
ofan af borði  
og varðst rangeygur  
það var frekar vont fyrir sjálfsmyndina  
Félagarnir gerðu gys að þér  
fyrir að einblína svona á eigið nef  
Sumarið eftir sjö ára bekk  
hafðirðu fengið nóg af stríðninni  
þá breyttust augun  
og þú varðst í staðinn tileygur  
Eftir það vissi enginn  
á hvern þú varst að horfa  
það kom sér oft vel  
þegar þú fórst að kenna.

## Feimni er veiki

Fæstum kemur til hugar  
að þú hafir verið feiminn í æsku  
Þú varst það nú samt  
Ef þú varst ávarpaður  
vafðist þér tunga um tönn  
og þú brást við með flíruglotti  
sem gjarnan var misskilið

Í tólf ára bekk áttirðu að leika í leikriti  
þú æfðir stíft og lærðir hlutverkið utan að  
en á sýningardegi veiktistu illilega af feimni  
og lást ælandi og skælandi heima  
á meðan skólafélagarnir slógu í gegn

Þetta var sárt og átakanlegt fyrir litla sál.

## Íþróttamaður

Þú varst af þekktari íþróttætt  
og áttir því að verða afreksmaður  
það tókst til að byrja með  
þú stofnaðir félag með yngri bræðrum  
og vinum í götunni  
þú varst bestur í flestum íþróttum  
og fæddur leiðtogi  
það hjálpaði upp á sjálfsálitið  
og gerði þig dálítið góðan með þig  
Auk þess varstu stærstur  
og lappalengstur á þeim árum .

## Táningsástir

Þú varst afskaplega feiminn við stelpur  
alveg frá unga aldri  
Merkilegt  
eins og þú varst nú sætur drengur

En þú varst samt oft skotinn  
og fannst fiðring í maganum

Um fermingu áttirðu kærustu  
þið leiddust um hverfið  
þegar enginn sá til.

## Besti vinurinn

Ekkert er eins dýrmætt  
og að eiga góðan vin  
og besta vináttan eru kannski sú  
sem verður til í bernsku  
Í götunni þinni bjó jafnaldri þinn  
Þið kynntust einmitt á götunni  
lékuð saman  
ólust nánast upp saman  
voruð heimagangar hvor hjá öðrum  
voruð saman í bekk  
þar til ofbeldi einkunnaspjalda  
setti ykkur í sitthvorn bekkinn  
fenguð hvolpavitið saman  
voruð skotnir í stelpum saman  
þær voru líka vinkonur  
Leiðir ykkar hafa legið saman alltaf við og við  
Þið eruð ólíkir eins og rúgbrauð og kæfa  
en bætið hvor annan upp  
Enn eruð þið bestu vinir

# UNGLINGUR Í FRUMSKÓGI





## Töffari með bjútilokk

Á svipstundu breyttist allt  
um fjórtán-fimmtán ára aldurinn  
Eins og snortinn  
af sprota töfradísar  
Fórst á sjóinn og varðst töffari  
þóttir að vísu ekki fiskinn  
varst yngstur um borð  
og lagður í einelti  
Svaraðir fyrir þig með níðvísunum  
kepptir í limbórokki austur á fjörðum  
snoppufríður unglingur með Presley-lokk  
eignaðist kærustur  
Fórst í kappdrykkju  
og manst ekki meira eftir því kvöldi

Vannst þér inn fullt af peningum  
en eyddir því öllu í skemmtanir  
Samt leiddist þér á þessum árum  
inni í þér var eitthvert tóm.

## Fé eða frami?

Þú bröltir upp í menntaskóla  
eftir sæmilegt landspróf  
en lentir svo í sálarkreppu  
þurftir að velja á milli járnbindinga  
og áframhaldandi menntaskólanáms

Oft fannst þér þú hafa valið vitlaust  
valið auraleysi, fátækleg föt  
bílleysi og meinlætaliíf  
en mamma og pabbi vildu eindregið  
styðja drenginn sinn til náms

Í járnbindingum varstu fremstur í hópnum  
eignaðist fyrsta bílinn  
áttir peninga í öllum vösum  
en eitthvað vantaði  
svo að þú ákvaðst að ganga menntaveg  
þótt það kostaði stríðna skólafélaga  
og sérvitra kennara.

## Guð gaf ...

Þú eignaðist fyrsta barnið þitt  
rauðhærðan hnokka  
en uppeldi hans fór mestmegnis fram norður í landi  
Þið mamman skildust að  
Þú dýrkaðir þennan indæla dreng  
heimsóttir hann  
og fékkst hann í heimsókn til þín  
Síðar var hann einn vetur hjá þér  
Það var dýrmætur vetur  
sem aldrei gleymist  
Svo ljóslifandi í minningunni  
meira en hálfri öld síðar  
Hann er fastur fyrir  
og smitar út frá sér ljúfmennskunni  
Auk þess er hann dverghagur í höndunum.

## ... og Guð tók

Mamma þín gerði þér grikk á þessum árum  
Hún dó frá þér  
og ykkur bræðrunum og pabba þínum  
Af hverju gerir fólk svona?  
En æ, hún gat ekkert að þessu gert  
krabbaskrattinn át hana upp  
og raunar alla fjölskylduna  
eftir áratuga heilsuleysi  
og sorg yfir dánunum börnum  
Þér þótti missirinn sár  
en lést þó lítið á því bera  
tárin voru löngu þornuð  
Sorgin fékk þó útrás í ljóði  
sem grátandi Guðsmaður las við útförina.

## Önnur Guðsgjöf

Þá fæddist þér dóttir  
nafna mömmu þinnar  
eftirmynd hennar segja margir  
en samt svo mikið hún sjálf  
Hún vafði þér um fingur sér þessi litla dís  
og hélt því lengi áfram  
svo að sumum þótti nóg um  
Þú kvæntist mömmu hennar  
og það samband entist í heilan áratug

Þessi dóttir þín  
er elskuleg dóttir  
yndisleg móðir  
og frábær ómissandi amma  
Þriggja ára fór hún með koppinn sinn út á stétt  
og sat þar á honum til að sjá fólkið  
Hugsa sér, þessi litla hnáta orðin amma!

## Félagsmálafrík

Í háskóla valdirðu ekki þá námsgrein  
sem pabbi og mamma vildu  
heldur greinar sem aldrei hafa gefið neitt af sér  
En það skipti svo sem ekki máli  
því þú veltir þér upp úr félagsmálum  
og safnaðir vegtyllum hvers konar  
Réði metorðagirnd för þinni  
eða var þetta heilbrigð löngun til að koma að gagni  
og öðlast viðurkenningu?

Meðfram háskólanáminu  
gerðistu stjórnmalagaur  
starfaðir fyrir frjálslynt flokksbrot  
sem þóttist vera boðberi lýðræðis  
og nýrra aðferða  
Það brást  
og þegar stungið var upp á þér í öruggt þingsæti  
sökktirðu hælum í leðjuna  
og þú fannst annan í þinn stað.

## Í útlendra skjóli

Glaðbeittur fórstu til útlanda í háskóla  
Mestur tími fór þó í landhelgisbaráttu  
Þú varðst róttækari með hverjum deginum  
Þú lærðir ekki mikið þá

Allt í einu varstu kominn í útlenda kommúnistasellu  
og reistir níðstöng gegn íslenskum ráðherra  
vegna lélegra námslána

Eftir fjögur ár lá leiðin heim  
þú varst orðinn róttækari en sjálfur Stalín  
fráskilinn maóisti  
búinn að þýða ljóð asískra kommúnista  
norsk ljóð og sögur  
og sjálfan Morgan Kane.

## Styrkar stoðir

Námsárin þín  
átti að heita að þú lifðir á námslánnum  
en það var samfélagslega ósatt  
það sem hélt í þér lífi  
og litlu fjölskyldunni þinni  
var vinna í fríum og með skóla  
heima og erlendis  
Þú þýddir bækur og last í útvarp  
skrifaðir útvarpsþátt um kirkjuklukkan í Noregi  
og annan um Einar Ben  
uppdigtað viðtal við löngu látinn mann  
En allt hefði komið fyrir ekki  
ef pabbi þinn hefði ekki stutt þig  
með ráðum og dáð  
hann var dáðadrengur  
og mamma þín skrifaði bréf til stráksins síns  
og bað Guð að blessa hann.



# HÁMENNTAÐUR ÖSKUBUSKI



## **Verkamaður í vingarðinum**

Eftir heimkomu tók lífsbaráttan við  
og baráttan fyrir bættum kjörum alþýðunnar  
sem þú þekktir svo sem nógu vel úr æsku  
Mestur tími fór þó í sellufundi  
lestur byltingarbókmennta  
fjölritun bæklinga og sölu málgagnsins  
Þú hættir að kenna í háskólanum  
til að fara í byggingavinnu  
og starfa með alþýðunni  
eins og það hét.

## Kommi

Þótt þú værir orðinn harður kommúnisti  
og félagi í einingarsamtökum  
marx-lenínista  
varstu aldrei alveg sannfærður  
Réttlæti og jöfnuður - já  
Góður boðskapur - já  
en framkvæmdin oft klaufaleg  
og aðdáun á fræðikenningunni heldur mikil  
Þú áttir líka erfitt með að taka þátt í persónudýrkun  
á foringjum byltingarinnar  
nema þá helst Maó gamla

Þú fluttir þó norður til að leiða byltinguna þar.

## Öskukarlinn

Sem menntaðasti öskukarl landsins  
varstu sendur á hin og þessi þing  
Foringjarnir buðu þér í nefið  
en hleyptu þér ekki lengra  
Þú bauðst þig fram til forseta ASÍ  
fékkst mörg þúsund atkvæði  
Varðst trúnaðarmaður öskukarla á Akureyri

Þrátt fyrir allar þessar vegtyllur  
tapaðir þú samt kosningu  
móti formanni verkalýðsfélagsins  
sem þar hafði ríkt í 100 ár  
Ó, það er dýrlegt að drottna!

Skrifaðir óteljandi áróðursgreinar í Dagblaðið  
en byltingin lét á sér standa.

## Ópíum

Marx og félagar voru með þetta á hreinu  
trúin er ópíum fyrir fólkið  
Þér fannst kirkjan auk þess meingölluð  
eins og ASÍ og ríkisstjórnin  
Alla ævina hefurðu því verið frekar ókirkjurækinn

Þér finnst þó einhvern veginn ómögulegt  
að hugsa þér heiminn án máttar Guðs  
og það góða í öllum mönnum  
hlýtur að vera frá Guði  
Þess vegna trúir þú á Guð  
og vilt ekki fara á mis við hann

Samt er það svo  
að þú þagnar alltaf í miðri trúarjátningu  
þegar kemur að setningunni  
„Ég trúí á ... heilaga, almenna kirkju ...“  
Kirkjan er ekki Guð.

## Ný fjölskylda

Kona í samtökum kommúnista  
varð eiginkona þín til tíu ára  
og móðir þriggja sona  
Þú fékkst að reyna það um sinn  
að vera heimavinnandi foreldri  
Dásamleg reynsla  
Þú gerðist einnig íþróttapabbi  
þeyttist um landið allt og fórst til Færeyja  
í fótboltaferð  
Strákarnir urðu miklir afreksmenn  
í boltagreinum og hástökki  
Gamli þrístökkvarinn hvatti þá óspart  
Allir eru þeir á einhvern hátt líkir þér  
en samt sérstakir og ólíkir innbyrðis.

## Hæfileikamaður

Sá elsti tók snemma ástfóstri við körfubolta  
og skildi boltann sinn nánast aldrei við sig  
Varð mikill snillingur með hann  
en líkaði ekki keppnisstússið  
Blíður og afar náinn þér  
Þið vissuð nánast alltaf hvað hinn var að hugsa  
Allt sem hann gerir skal vera fullkomið  
Syngur eins og djúpraddaður engill  
Gítarinn leikur í höndum hans  
og lögin sem hann semur  
eru viðkvæm og ljúf  
Menntaði sig í hljóðblöndun  
tölvufræðum og hugbúnaði  
Nú er hann yndislegur pabbi  
stundar útiveru  
fjallgöngur  
og borðar ekki dýr  
Hann er fjölskyldumaður í sérflokki.



## Gömul sál

Frá fyrstu mánuðum  
var miðguttinn mikill pabbastrákur  
Hann fæddist gömul sál  
alvörugefinn og íhugull  
Minnti stundum á lítinn spörfugl  
grannur og með stór vökul augu  
Undir niðri næmur og fljótur að hugsa  
viljugur til að hjálpa öðrum  
og taka á sig ábyrgð  
Með mikla skipulagshæfileika  
sterka stjórnunarhæfni  
og afskaplega réttisýnn gagnvart öðru fólki  
Nær árangri í öllu  
sem hann tekur sér fyrir hendur  
Ástríkur faðir barnanna sinna  
og þér er sagt að hann sé ljómandi tengdasonur  
og þú veist hann er frábær sonur.

## Húmoristi

Sá yngsti hefur sérstaka hæfileika  
til að gera alla hluti á eigin hátt  
öðruvísi en allir aðrir  
Rólegur á yfirborðinu  
en undir niðri ólga flúðir  
Hugsar viðfangsefnin frá allt öðru sjónarhorni  
en flestir aðrir  
Þér fannst yndislegt að ala hann upp  
kynnast sérstakri kímigáfu hans  
og einstakri skaphöfn  
Svo var hann frábær í hástökki  
og ýmsum öðrum íþróttum  
Ljúflingur og góður drengur  
sáttur við sjálfan sig og tilveruna  
Nýtur lífsins með kærustu sinni og hundi  
í erlendri borg  
Það er ekkert slæmt til í honum  
Hann verður alltaf litli strákurinn þinn!

## Skáld draumanna

Þrátt fyrir anstreymi og áföll  
hættirðu aldrei að trúá því  
að þú yrðir einhvern tíma skáld  
Samt gerðirðu frekar lítið í málinu

Þú þýddir ljóð eftir útlenda poppara  
og norsk nútímaljóð  
ortir tækifærisljóð við tækifæri  
skrifaðir erfiljóð, afmælisbragi og skírarkvæði  
kenmnslubækur og áróðursgreinar  
fórst svo út í fræðileg skrif  
En ekkert af þessu gerði þig að skáldi

Hundrað árum síðar gafstu út eigin ljóð  
Þá varstu loks orðinn skáld.

## **Draumur um ríkisdæmi**

Eftir fjögur ár fyrir norðan fluttirðu suður  
byltingunni var slegið á frest  
og þú fórst að vinna sem skrifstofublók um sinn  
það skilaði þó litlu  
fyrir eignalausán fjölskyldumann  
svo að þú gerðist sjálfstæður atvinnurekandi

Þá vaknaði draumurinn um að verða ríkur  
það átti líka að gera allt gott í einkalífinu  
en þú varðst aldrei ríkur  
Eftir nokkurra ára hark fór allt niður á við

Gjaldþrota  
og algjörlega magnþrota  
hrökkstu í kút ef síminn hringdi  
ansaðir ekki ef barið var að dyrum  
Svona fór um sjóferð þá.

# **BLANKUR ÚTILEGUMAÐUR**

## Útlegð úti á landi

Þú sendir sjálfan þig í útlegð úti á landi  
kenndir þar í ein tíu ár  
Síðasta árið varstu skólameistari  
og látinn leggja skólann þinn niður  
Þarna fékkstu skjól fyrir rukkurum  
Þú forðaðist annað fólk lengi vel  
Umgekkst fyrst og fremst samkennara  
og nemendur  
og svo auðvitað börn þín og bræður  
Samt kenndirðu áfanga í skólanum sem hét  
Samskipti og tjáning – SAM 106  
Þú eignaðist þó smám saman góða vini í sveitinni  
og nemendur drógu þig með í íþróttir  
Þú sast í umdeildri þorablótsnefnd  
og varðst frægur í sveitinni  
ýmist að endemum eða góðu  
eftir því við hvern var talað.

## Á skilorði

Eftir tíu útleðarar  
skiptirðu um skóla  
Þú varst raunar enn í útleð  
en á einskona skilorði  
á meðan beðið væri loka gjaldþrotaskeiðsins  
Þarna bjóstu í þrettán ár  
Kenndir mest við háskólaútibú á staðnum  
vænkaðist nú hagur hins snauða  
í glímu við fræðimennsku  
og fróðleiksfúsa stúdenta  
spriklandi íþróttakengúrur  
Þú fékkst titilinn MEd  
og starfsheitið aðjunkt.

## Áföll

Útlegð úti á landi verndar ekki  
fyrir sorg og missi  
Pabbi þinn dó aldraður  
og saddur lífdaga  
Þið voruð nánir síðustu árin  
þú heimsóttir hann í hverri Reykjavíkurfærð  
Hann var þér mikil fyrirmynd  
þótt þú vildir sjaldnast viðurkenna það

Næsta ár misstirðu yngsta bróður þinn  
það var líka erfitt  
Þið voruð líkir um margt  
Hann var rétt um fimmtugt þegar hann dó  
alltof snemma  
Þið sem voruð rétt að kynna á ný  
og orðnir vinir

Þriðja andlátíð sem skók tilveru þína  
var andlát föðurbróður þíns  
Þið voruð miklir vinir  
hann var á leið í heimsókn til þín  
með öðrum frænda  
Auðvitað heimsótti hann þig  
en öðruvísi en til stóð.



## Sonur „fæðist“ á fertugsaldri

Sé einhver afkomenda þinna líkur þér  
er það sá sem fáir vissu af  
í þrjátíu og fimm ár  
ekki einu sinni hann sjálfur  
Góður drengur og vandaður  
ótrúlega vel upp alinn  
þótt þú kæmir þar hvergi nærri  
Róttækur hugsjónamaður  
og alvöruhefinn galgopi  
Allt í einu stækkaði fjölskylda þín um sex manns  
sem gaman er að kynnast  
Æðislegt!

## **Þungur á bárunni**

Útlegðarárin voru erfið  
þunglyndi skók hug þinn  
og þú nagaðir sjálfan þig að innan  
með sjálfsásökunum og níði  
Þér fannst allt líf þitt hafa verið mistök  
á mistök ofan  
svik og svindl  
og hálfur hugur í öllu  
Þú faldir þetta þó nokkuð vel  
fyrir flestum  
með vandaðri kennslu  
þátttöku í félagsmálum  
ástríki við strákana þína  
Svo eignaðistu vini í sveitinni  
hjón sem voru fátæk að veraldarefnum  
en auðug af vinarhug  
Þú hresstist  
en nú – 25 árum síðar  
ertu kominn á hressandi úrbót  
Þetta er í ættinni.

# ÁSTFANGINN REYNSLUBOLTI



## Opnað fyrir ástina

Til að verða ástfanginn  
þarf að opna fyrir ástina í hjarta sínu  
Það gerðir þú  
Hjarta þitt var opið um stund  
og þráði að lifa  
Þá hittirðu hana  
konuna þína  
og hjarta þitt fylltist af ást

Heppinn varstu að henni virtist eins farið  
þú fékkst að njóta tilfinninga  
sem þú hélst að væru þér ekki lengur til  
Sömu tilfinningar, áhugamál og skoðanir á svo mörgu  
Þið voruð eins og sköpuð hvort fyrir annað

Þú varst og ert enn gagntekinn af ást og hrifningu  
Hún er í þínum augum fegursta kona á Íslandi  
og þótt víðar væri leitað  
Augu hennar sem tindrandi stjörnur  
röddin sem blíðasta hljóðfæri  
Svo veit hún allt  
og kann allt  
sem þú kannt ekki sjálfur  
en vildir kunna.

## Í trúlofunarstandi

Það var stór ákvörðun fyrir ykkur bæði  
og stór stund  
þegar þið hétuð hvort öðru trú  
og síðar hjónabandi  
Hringarnir voru fallegustu hringar í heimi  
veislan full af gleði og ást  
og þú ortir henni þitt besta ljóð  
Í sjöunda himni býr sólin  
og veit ekki að ég er til  
Hvílík ást  
Hvílík hrifning  
Þetta kom þér fullkomlega á óvart  
skemmtilega  
yndislega á óvart.

## Gifting aldarinnar

Já, svo kom að því að þið giftuð ykkur  
Yndisleg stund  
og söguleg  
Brúðaraðstoðin mætti of seint  
Brúðarbíllinn fastur í umferðinni  
Presturinn spurði brúðgumann  
hvort brúðurin væri hætt við  
Einsöngur varð að tvísöng söngvara og klerks  
Myndatakan úti í skógi full af glensi og gríni  
Þú varst stoltari en hani á haug  
og brúðurinn var fegurri en allar heimsins konur  
Veislan fjallmyndarleg  
Einn veislugesta skilgreindi ætt þína  
með eyrnasneplunum  
Brúðguminn flutti ljóð sem ekki var ljóð  
og allir klöppuðu fyrir  
þeir klöppuð þó enn meira fyrir ljóði brúðarinnar  
sem var alvöru ljóð  
Þetta var dagur allra daga.

## Sambúðin

Að sumu leyti eruð þið lík  
en ólíkara fólk en ykkur tvö er þó vart að finna  
Kannski er það þess vegna  
sem sambúðin er svo hnökralítill  
Þú með alla þína galla  
og nokkra kosti  
hún með alla sína kosti  
Ískaldan húmor og sjóðheitt bros  
Augu sem sjá í gegnum vegg og múra  
Eyru sem heyra þögnina  
Hug sem skilur hið óskiljanlega  
og greinir þrívídd í tvívíðum texta  
Hendur sem leika við matseld og bakstur  
Þú ert lánsmaður

Saman ætlið þið að eldast  
sigrast á mótbárum lífsins  
og berast áfram í meðbyr árunna  
Þið elskið hvort annað  
Á betra verður ekki kosið.



## Ævintýraárin ykkar

Árin ykkar hafa verið stanslaust ævintýri  
aldrei nein lognmolla  
en heldur ekkert fárviðri  
Saman kennduð þið í menntaskóla  
meira að segja sömu námsgreinina  
Saman keyptuð þið ykkur fallett hús  
Saman hafið þið búið í útlöndum og tekist á við  
peningaleysi og endalausa flutninga  
Saman hafið þið tekist á við erfiðleika og áföll  
sem verða að engu í hamingju ástarinnar

Saman fluttuð þið suður  
Nú búið þið í ævintýraíbúð í Reykjavík  
njótið sólar á sólpalli  
og sólar í sinni  
Vonandi mun nýja hreiðrið ykkar  
verða ykkur til gleði og hamingju  
Nema þið leitið ykkur að nýju hreiðurstæði ...

## Sólargeislinn ykkar

Kraftaverkið í lífi þínu er litla lífsblómið ykkar  
Hún kom til ykkar síðsumars á sólríkum degi  
og síðan er alltaf sólskin í lífi ykkar  
líka í dimmviðri og hreti

Hún á yndislegt bros eins og móðir hennar  
Hefur hátt og er stjórnsm  
eins og aðrar konur í báðum ættum  
Hefur fallett, rauðglóandi hár  
og stór einlæg möndluaugu í óræðum lit  
djúp eins og hafið  
full af trúnaðartrausti  
og sjá lengra en litla nefið nær

Þú sem ekkert getur sungið nema jólalög  
og hefur aldrei getað lært á hljóðfæri  
syngur fyrir hana barnalög alla daga  
og ferð með henni á tónlistarnámskeið

Þú þykir of aldurniginn til að fá fæðingarorlof  
og færð ekki leikskólagjöld niðurgreidd  
eins og aðrir sem ekki eru aðilar vinnumarkaðarins  
Er ekki heimska kerfisins fyndin?  
Nú fyrst er lífið að byrja!

Sumar nætur eru kannski svefnlitlar  
og sumir dagar annasamir  
Þér verður ekki mikið úr verki  
En þú ýtir öllum öðrum verkefnum til hliðar  
til að geta sinnt þessu mikla hlutverki.  
Þetta er yndislegt líf!

# EFRIÁRAMAÐUR



## **Andlát litla bróður**

Bróðir þinn lést fyrir stuttu  
langt suður í löndum  
þar sem hann hafði búið í mörg ár  
með konu, syni og stjúpdóttur  
Þú trúir því raunar varla að hann sé dáinn

Hann var fimm árum yngri en þú  
listrænn og atorkusamur  
Smíðsaugað í fjölskyldunni  
Ljúfur og barngóður  
tryggur og trúfastur

Þú gættir hans oft í æsku  
og áttir hann að vini á fullorðinsárum  
Nú saknarðu hans sárt

Það deyja ansi margir  
jafngamlir þér og jafnvel yngri  
svo ekki sé nú talað um þá sem eru örlítið eldri  
Þú ert kominn á þann aldur  
að fylgjast vel með dánartilkynningum  
Skrítið samt  
því að þér finnst þú alltaf vera 26 ára.

## Sannur bróðir

Þú átt einn bróður eftir  
upphaflega voruð þið sjö  
En þessi eini bróðir er á við átta  
Ungur drengur var hann afburða myndlistarmaður  
síðar sanngjarnasti fornkaupmaður landsins  
en lét þó enga stráka komast upp með neitt múður  
og leiddi þá út á eyrunum  
Hjálpsamari maður er ekki til  
greiðvinknari né skapbetri  
Ljúfur bróðir sem þér þykir vænt um  
Þið eruð ekki alltaf sammála  
en getið rætt endalaust saman  
um landsins gagn og nauðsynjar  
eða landsins skrum og skaðsemi  
Hugsaði vel um föður ykkar  
meðan hann lifði  
Hann er ljúfur faðir  
og vinur vina sinna.

## Von

Með árunum hefurðu aftur orðið róttækur  
bjartsýnn og vongóður  
Þér virðist spillingin á undanhaldi  
erfiðara að kaupa sér fylgi  
á öllum sviðum  
Þú varðst ótrúlegar glaður  
þegar bæði sósíalistar og Flokkur fólksins  
náðu manni í borgarstjórn  
Nú hafa stærstu verkalýðsfélögin  
kosið sér róttæklinga til forystu  
og lýsa vantrausti á forystu ASÍ  
Öðru vísi mér áður brá.

## Framtíðarsýn

Þú átt gott líf framundan  
og hefur ekki undan neinu að kvarta  
Það veistu sjálfur  
Átt yndislega konu  
sem gaman verður að elska  
öll árin sem framundan eru  
Þú átt óviðjafnanlega dóttur  
sem vex upp og dafnar í skjóli ykkar  
Þú átt mörg börn sem þykir vænt um þig  
og skemmtilegum barnabörnum og  
barnabarnabörnum  
á bara eftir að fjölga  
Sjálfur ertu við góða heilsu  
andlega sem líkamlega  
Þegar þú varðst sextugur  
lofaðirðu sjálfum þér  
og fólkinu þínu  
að eftir það mundirðu aðeins yngjast  
Þú stendur auðvitað við það.



## Að loknu þessu lífi

Að sjálfsgöðu er framhaldslíf þitt nokkuð óráðið  
en þú ert viss um það  
Þú ert líka staðráðinn í að gera það  
eins skemmtilegt og hægt er  
Ekki ætlar þú að fara að dúsa í gröfinni  
til dómsdags  
Þú ætlar þess í stað að njóta framhaldsins  
halda áfram að læra og mennta sál þína  
hitta og umgangast gott framliðið fólk  
sé það viðlátíð

Í framhaldslífinu  
verðurðu áreiðanlega heilagur um stund  
þar til þú verður sendur í annað líf  
til að bæta fyrir mistök þín í þeim fyrri  
eða taka við verðlaunum fyrir vel unnin störf  
Bara að nefna það.



# **MAÐUR AÐ MEIRI**



## **Þínir menn**

Á hverju lífsskeiði  
hefurðu gagnrýnt næsta skeið á undan  
- Ég skil ekkert í hvað ég gat verið vitlaus!  
eða montað þig af enn fyrri skeiðum  
- Ansi var ég glúrin!

En er það til nokkurs?  
Varla ertu margir menn  
sem lifðu hver á eftir öðrum í líkama þínum  
Er til einhvers að spyrja svona?  
Allir lifa þeir áfram  
í minningum þínum og annarra  
og eiga sinn stað í þessum heimi  
meðal manna

Við nánari umhugsun  
þykir þér dálítið vænt um þá alla  
Þetta eru þínir menn!

## Ein sál

Jú, víst hefurðu verið misjöfn persóna  
á ýmsum tímabilum  
En er ekki eðlilegt að breytast og þroskast?  
Hlýtur sál þín þá ekki að vera ein?

Svo er hitt sem ekki er hægt að vita  
aðeins trúá:  
Er sál þín sá innsti kjarni  
sem fylgdi þér inn í þetta líf  
öðlaðist þar nýja reynslu  
og fylgir þér svo út úr því aftur?  
Lifandi bergmál  
frá fyrra lífi eða lífum og í gegnum þetta líf  
og inn í þau næstu?

## Mál er að linni

Þú hefur lært margt  
sem þú getur nýtt þér strax  
og sál þín getur nýtt sér síðar  
Þetta jarðlíf er fyrirtaks háskóli  
og lærdómurinn margs konar  
boðorðin þín eru miklu fleiri en tíu

Allt er þér mögulegt ef viljinn er fyrir hendi  
óháð uppruna þínum, stétt og aldri  
Þú þarft ekki að láta neitt stöðva þig

Ást þín er sterkasta og hreinasta aflið  
sem þú ræður yfir  
aðeins ástin getur bjargað mannkyninu  
ekki fræðikenningar

Guð er þér nauðsynlegur til að vera til  
því er engin ástæða fyrir þig til að hafna honum  
þótt þjónar hans séu kannski misvitir

Maki þinn, börn og afkomendur  
skipta þig þó mestu  
meira máli en starfsframi  
fjármunir  
eða skoðanir annarra á þér.